

# HVAÐ ER Í BOÐI?

UPPLÝSINGAR FYRIR ALMENNING UM FRÍSTUNDIR OG  
NÁMSKEIÐ SEM KOSTA LÍTIÐ EÐA EKKI NEITT

4. ágúst 2009



 **Rauði kross Íslands**



**SÍBS**

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>2 Úrræði fyrir atvinnuleitendur</b>	<b>7</b>
<b>2.1 Vinnumálastofnun - vinnumarkaðsúrræði</b>	<b>7</b>
<b>2.2 Tækifæri – Opni Háskólinn í Reykjavík</b>	<b>8</b>
<b>3 Menntun og fræðsla</b>	<b>9</b>
<b>3.1 Íslenska fyrir útlendinga</b>	<b>9</b>
3.1.1 Jafnréttishús ehf	9
3.1.2 Námsflokkar Hafnarfjarðar	9
3.1.3 The Settlers' School (Landnemaskólinn – Mímir-símenntun)	9
3.1.4 Mímir - símenntun	10
3.1.5 Alþjóðahús, The Intercultural centre	10
3.1.6 Háskólinn í Reykjavík	11
3.1.7 Endurmenntun Háskóla Íslands	11
3.1.8 Háskóli Íslands	11
3.1.9 Kvöldskóli Kópavogs	12
<b>3.2 Þjónustu- og vinnumiðstöðvar</b>	<b>12</b>
3.2.1 Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31	12
3.2.2 Sprotahús og frumkvöðlasetur í Mosfellsbæ	13
3.2.3 Frumkvæði – samfélag fyrir ungt atvinnulaust fólk	13
3.2.4 Miðstöð fyrir ungt fólk í Austurbæjarbíói	13
3.2.5 Fjölmeningarsetur	14
3.2.6 Jafnréttishús	14
3.2.7 Miðstöð atvinnuleitenda í Fjarðarbyggð	14
3.2.8 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar	15
3.2.9 Deiglan – atvinnu og þróunarsetur	16
3.2.10 Fjölskyldumiðstöðin	17
3.2.11 Foreldrahús	17
3.2.12 VIRKJUN mannauðs á Reykjanesi	18
3.2.13 Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands	18
3.2.14 IÐAN fræðslusetur ehf	18
3.2.15 Hlutverkasetur	19
3.2.16 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	19
3.2.17 Fjölsmiðjan	19
3.2.18 Rauði Kross Íslands	20
3.2.19 Alþjóðlegir foreldramorgnar í Alþjóðahúsi	21
<b>3.3 Fyrirlestrar</b>	<b>22</b>
3.3.1 Háskólinn í Reykjavík	22
3.3.2 Háskóli Íslands	22
<b>3.4 Námskeið</b>	<b>22</b>
3.4.1 „Óðsmál in fornu“	22
3.4.2 Tölvuskólinn Ísoft	23
3.4.3 Starfsmennt	23
3.4.4 Maður lifandi	23
3.4.5 Hringsjá	24
3.4.6 Vinnumálastofnun	24
3.4.7 Öku- og vinnuvélaskólinn	25
3.4.8 Miðstöð símenntunar – Námsflokkar Hafnarfjarðar	25
3.4.9 Kvennasmiðjan	26
3.4.10 Framvegis	26
3.4.11 Tölvunámskeið - NTV	26

3.4.12 Mímir – símenntun	27
3.4.13 Neytendasamtökin- Fjármálanámskeið	28
3.4.14 Endurmenntun Háskóla Íslands	28
<b>4 List og menning og tómstundir</b>	<b>29</b>
<b>4.1 Líkamsrækt</b>	<b>29</b>
4.1.1 Sjósund í Nauthólsvík	29
4.1.2 Bæjarráð Kópavogs	29
4.1.3 Hafnarfjörður	30
4.1.4 Knattspyrnufélagið Haukar	30
4.1.5 Seltjarnarnesbær	30
4.1.6 Mosfellsbær	30
4.1.7 Lágafellslaug – ókeypis vatnsleikfimi	31
4.1.8 Virknisetrið á Hlíðarenda – Valur	31
4.1.9 Knattspyrnufélagið Fram	31
4.1.10 Knattspyrnufélagið Víkingur	32
4.1.11 Glímufélagið Ármann	32
4.1.12 Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur	32
4.1.13 Knattspyrnufélagið Þróttur	32
4.1.14 VR	32
4.1.15 Ferðafélagið Útivist	33
4.1.16 Hjólaræktin- Hjólreiðaferðir	34
<b>4.2 Félagasamtök</b>	<b>34</b>
4.2.1 Rauði Kross Íslands	34
4.2.2 SÍBS/ Styðjum sjúka til sjálfsbjargar	35
4.2.3 Atvinnuleysi – Nei takk	36
4.2.4 FAAS-Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma	36
4.2.5 Tourettesamtökin	37
4.2.6 Parkinsonsamötökin	37
4.2.7 MND félagið	37
4.2.8 Hugarfar	38
4.2.9 Gigtarfélag Íslands	38
4.2.10 Félag heyrnarlausra	38
4.2.11 ADHD samtökin	39
4.2.12 Umsjónafélag einhverfra	39
4.2.13 Geðhjálp	40
4.2.14 Öryrkjabandalag Íslands	40
4.2.15 Félag eldri borgara	43
4.2.16 Krabbameinsfélag Austfjarða	43
4.2.17 Rauði Kross Íslands	43
<b>4.3 Tómstundir</b>	<b>44</b>
4.3.1 Viðburðir á vegum Höfuðborgarstofu	44
4.3.2 Sundkort í Hafnarfirði	44
4.3.3 Líkamsrækt og Bókasafnskort í Kópavogi	45
4.3.4 Menningarveisla Sólheima 2009	45
4.3.5 Salsa Iceland	46
4.3.6 Viðey	46
4.3.7 Gerðuberg	46
4.3.8 Listasafn Reykjavíkur	47
4.3.9 Ljósmyndasafn Reykjavíkur	47
4.3.10 Borgarbókasafn	48
4.3.11 Þjóðminjasafnið	48
4.3.12 Regnboginn	48
4.3.13 Borgarleikhúsið	48
4.3.14 Sinfóníuhljómsveit Íslands	48

4.3.15 Þjóðleikhúsið	49
4.3.16 Bókasafn Seltjarnarness	49
4.3.17 Free City Travel	49
<b>5 Ráðgjöf og upplýsingar</b>	<b>50</b>
<b>5.1 Rauðakrosshúsið</b>	<b>50</b>
<b>5.2 Hjálparsími Rauða krossins 1717</b>	<b>50</b>
<b>5.3 Vinnumálastofnun</b>	<b>51</b>
<b>5.4 Fræðslunet Suðurlands</b>	<b>51</b>
<b>5.5 Upplýsingar um fjármál –fjárhagsaðstoð</b>	<b>51</b>
5.5.1 Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna	51
5.5.2 Fjármálaráðgjöf	52
5.5.3 Félagsmálaráðuneytið	52
5.5.4 Forsætisráðuneytið	53
5.5.5 Íbúðalánasjóður	53
5.5.6 Tryggingastofnun	53
5.5.7 Tryggingarsjóður innistæðu eigenda og fjárfesta	54
5.5.8 Fjármálaeftirlitið	54
5.5.9 Neytendasamtökin	54
<b>5.6 Ráðgjöf fyrir frumkvöðla</b>	<b>54</b>
5.6.1 Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands	54
<b>5.7 Lagaleg ráðgjöf</b>	<b>54</b>
5.7.1 Kvennaráðgjöfin	54
5.7.2 Lögfræðiráðgjöf ÖBÍ	55
5.7.3 Orator - ókeypis ráðgjöf hjá laganemum	55
5.7.4 Lögmannavaktin - ókeypis lögfræðiráðgjöf	56
5.7.5 Alþjóðahús	56
5.7.6 Lögfræðipjónusta Lögréttu	56
<b>5.8 Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands</b>	<b>57</b>
<b>5.9 Influenta.is</b>	<b>57</b>
<b>5.10 Alþjóðahús</b>	<b>57</b>
<b>5.11 Jafnréttishús</b>	<b>58</b>
<b>5.12 Fjölmeningarsetur</b>	<b>58</b>
<b>5.13 Náms- og starfsráðgjöf</b>	<b>59</b>
5.13.1 Námsflokkar Reykjavíkur	59
5.13.2 Mímir - símenntun	59
5.13.3 Vinnumálastofnun	59
5.13.4 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar	59
5.13.5 IÐAN fræðslusetur ehf	60
5.13.6 Menntatorg	61
<b>5.14 Sálfraðileg ráðgjöf og stuðningur</b>	<b>61</b>
5.14.1 Ráðgjafarþjónusta Öryrkjabandalands Íslands	61
5.14.2 Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	62
5.14.3 Kvíðameðferðarstöðin	62
5.14.4 Rauðakrosshúsið	62
5.14.5 Kvennaathvarfið	63
5.14.6 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar	63
<b>5.15 Leiðbeiningastöð heimilanna</b>	<b>64</b>
<b>6 Þjónusta stéttarféлага</b>	<b>65</b>
<b>6.1 VR</b>	<b>65</b>

6.2 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	65
6.3 Efling	66
6.4 Kennarasamband Íslands	67
6.5 ASÍ og BSRB	67
6.6 Bandalag háskólamanna (BHM)	67
6.7 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja	68
6.8 Starfsgreinasamband Íslands	68
<b>7 Trúfélög</b>	<b>70</b>
7.1 Þjóðkirkjan	70
<b>8 Ýmsar nauðsynjar</b>	<b>71</b>
8.1 Fataúthlutun Rauða krossins	71
8.2 Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	72
8.3 Hjálparstarf Kirkjunnar	72
8.4 Félag einstæðra foreldra	72
8.5 Konukot	73
8.6 Gistiskýlið Þingholtsstræti	73
8.7 Hjálpræðisherinn	73
8.8 Kaffistofa Samhjálp	73
8.9 Greiðsluskipting milli sjúkratrygginga og einstaklinga vegna lyfjakaupa	73
8.10 Matarkarfan.is	75
8.11 Kúpon.is	76

# 1 Inngangur

Sjálfboðaliðar Rauða krossins hafa í samstarfi við SÍBS og Háskóla Íslands unnið að því að kortleggja upplýsingar um frístundir og námskeið sem kosta lítið eða ekkert. Markmiðið er að safna upplýsingum í gagnabanka á einn stað til að auðvelda fólki að nýta þau tækifæri til afþreyingar og fræðslu sem standa landsmönnum til boða.

Afraksturinn er þessi bæklingur, sem hlotið hefur nafnið „Hvað er í boði?“ Í bæklingnum eru ítarlegar upplýsingar. Hægt er að nálgast „Hvað er í boði?“ á vefsíðu Rauðakrosshússins, [raudakrosshusid.is](http://raudakrosshusid.is), og SÍBS, [sibs.is](http://sibs.is). Bæklingurinn er á prentvænu formi og eru stofnanir og félagasamtök hvött til að prenta hann út og hafa aðgengilegan sem flestum.

Sjálfboðaliðar í Rauðakrosshúsinu aðstoða fólk við að leita upplýsinga, en auk þess getur fólk hringt í síma 570 4000 og fengið eintak sent í tölvupósti.

Sjálfboðaliðar sjá um að viðhalda upplýsingum og uppfæra þær eftir fremsta megni. Þeir sem vilja koma á framfæri upplýsingum um ódýr eða ókeypis tilboð af þessu tagi eru beðnir um að senda þær á [raudakrosshusid@redcross.is](mailto:raudakrosshusid@redcross.is).

## 2 Úrræði fyrir atvinnuleitendur

Fyrstu viðbrögð við atvinnumissi geta verið erfið, en ekki má gleyma því að það eru ótal tækifæri fyrir alla til að vera virkir í samfélaginu. Vinnumálastofnun veitir stuðning og aðstoð, og gagnlegt er að vita hvað er í boði hjá þeim.

### 2.1 Vinnumálastofnun - vinnumarkaðsúrræði

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir eru tiltekin helstu vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun skal annast, en þar er um að ræða styttri námskeið, starfstengd úrræði, námsúrræði, atvinnutengd endurhæfing og ráðgjöf. Þá kemur fram í lögum um atvinnuleysistryggingar að Vinnumálastofnun sé heimilt að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þátttöku þeirra sem tryggðir eru úr sjóðnum í vinnumarkaðsaðgerðum. Nánar er kveðið á um útfærslu þessara lagagreina í reglugerðum [012/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrkiog 013/2009 um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði.](#)

REGLUGERÐ um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði.

1. gr.

Eftirfarandi nám og námskeið teljast til vinnumarkaðsúrræða:

- Nám sem haldið er samkvæmt námsskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur viðurkennt.
- Nám sem haldið er á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins.
- Önnur námskeið en þau sem talin eru í a. og b. liðum og haldin eru á vegum símenntunarmiðstöðva.
- Námskeið sem haldin eru á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- Námskeið/nám sem haldið er á vegum endurmenntunarstofnana háskólanna.
- Nám á verk- og starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi og frumgreinanám sem boðið er á forsendum fullorðinsfræðslu, þ.e. námið og uppbygging þess tekur mið af og er sniðið að þörfum fólks sem hefur verið þátttakandi á vinnumarkaði.
- Námskeið á vegum endurhæfingarmiðstöðva.
- Önnur námskeið sem eru líkleg til að styrkja fólk á vinnumarkaði að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, telst þó ekki námsúrræði skv. d - lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Hið sama gildir um nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum.

**Vinnumarkaðsúrræði sem heimilt er að veita styrki til skv. Reglugerð 012/2009:**

**Starfsþjálfun**, fyrirtæki eða stofnanir geta gert starfsþjálfunarsamning við Vinnumálastofnun um að ráða til sín fólk sem er á atvinnuleysisskrá

<http://vinnumalastofnun.is/vinnumarkadsurraedi/starfsthjalfun-3gr/>

**Reynsluráðning**, fyrirtæki eða stofnanir geta gert samning við Vinnumálastofnun um reynsluráðningu einstaklinga sem er á atvinnuleysisskrá

<http://vinnumalastofnun.is/vinnumarkadsurraedi/reynsluradning-4gr/>

**Námssamningar** - Eitt þeirra úrræða sem atvinnuleitendum getur staðið til boða er að stunda styttra nám eða hluta af lengra námi á meðan fólk er á atvinnuleysisbótum.

<http://vinnumalastofnun.is/vinnumarkadsurraedi/namsurraedi-5gr-og-11gr/>

**Atvinnutengd endurhæfing** – Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan starfsendurhæfingarsamning við atvinnuleitanda sem er á atvinnuleysisbótum  
<http://vinnumalastofnun.is/vinumarkadsurraedi/atvinnutengd-endurh-6gr/>

**Eigin viðskiptahugmynd**, hugsanlega átt þú rétt að gera samning við Vinnumálastofnun um að vinna í allt að sex mánuði að þróun eigin viðskiptahugmynda á meðan þú ert á atvinnuleysisbótum <http://vinnumalastofnun.is/vinumarkadsurraedi/throun-vidskiptahugm-7gr/>

**Frumkvöðlastarf** – Frumkvöðlasamningur gengur út á að ráða starfsmenn til að starfa við nýja viðskiptahugmynd, svo sem nýsköpunarverkefni eða vöruþróunarverkefni  
<http://vinnumalastofnun.is/vinumarkadsurraedi/starfsorka-frumkvodlar-8gr/>

**Sérstök átaksverkefni**, fyrirtæki, stofnanir eða frjáls félagasamtök eiga kost á því að gera samning við Vinnumálastofnun um að ráða atvinnuleitanda til að sinna sérstökum tímabundnum átaksverkefnum <http://vinnumalastofnun.is/vinumarkadsurraedi/ataksverkefni-9gr/>

**Sjálfbóðaliðastarf**, ef þú hefur áhuga á því að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi á meðan þú færð greiddar atvinnuleysisbætur geta frjáls félagasamtök gert samning við Vinnumálastofnun um slíkt. <http://vinnumalastofnun.is/vinumarkadsurraedi/sjalfbodaliðastarf-10gr/>

Vinnumálastofnun í Reykjavík

Engjateig 11, 105 Reykjavík

Sími: 515 4850

Heimasíða: [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

Netfang: [postur@vmst.is](mailto:postur@vmst.is)

## **2.2 Tækifæri – Opni Háskólinn í Reykjavík**

Opni Háskólinn í Háskólanum í Reykjavík - TÆKIFÆRI - Úrræði á erfiðum tímum.

Stéttarfélag og Opni háskólinn í HR bjóða félagsmönnum aðgang að TÆKIFÆRI, sem er samstarfsverkefni stéttarféлага, aðila vinnumarkaðs, opinberra aðila og háskóla. TÆKIFÆRI er sniðið að fólki sem nú er að takast á við breytta stöðu á vinnumarkaði og aðstoða það við að finna úrræði og viðspyrnu í leit að atvinnu, námsleiðum eða nýsköpunartækifærum.

Tækifæri er fyrir:

- Einstaklinga sem misst hafa vinnu og maka þeirra.
- Einstaklinga sem búa við skertan vinnutíma og þá sem hafa lækkað verulega í tekjum vegna aðstæðna á vinnumarkaði

Markmið Tækifæris er að byggja upp einstaklinga þannig að þeir geti tekist á við uppbyggingu Íslands að nýju. Boðið verður upp á fjölmörg námskeið og fyrirlestra sem öll eru sérhönnuð fyrir Tækifærið.

TÆKIFÆRI verður hluti af Hugmyndahúsinu sem verður miðstöð fyrir þá sem vilja leita að tækifærum, efla sig, skapa, móta og hrinda tækifærum sínum í framkvæmd. Hugmyndahúsið mun auk TÆKIFÆRIS hýsa ýmsa aðra starfsemi sem stendur öllum til boða og áhersla verður lögð á lífandi og aðlaðandi umhverfi.

Háskólinn í Reykjavík

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík

Sími 599 6200

Heimasíða: [www.ru.is/taekifaeri](http://www.ru.is/taekifaeri)

Netfang: [taekifaeri@opnihaskolinn.is](mailto:taekifaeri@opnihaskolinn.is)

## 3 Menntun og fræðsla

### 3.1 Íslenska fyrir útlendinga

#### 3.1.1 Jafnréttishús ehf

Jafnréttishús heldur íslensku og lífsleikninámskeið fyrir atvinnulausa innflytjendur.

Markmið námskeiðsins er að hjálpa fólki af erlendum uppruna að ná valdi á íslensku til að byggja upp sjálfstraust og að gera það virkara í samfélaginu. Með aukinni íslenskukunnáttu eykur það möguleika þeirra að fá starf við þeirra hæfi. Kennd eru undirstöðuatriði í íslensku en auk þess er áhersla lögð á virk samskipti milli Íslendinga og innflytjenda. Námskeiðin standa yfir í 6 vikur, kennt er 2 klst. á dag frá mán.-fimmtud. Námið er brotið upp og áhersla lögð á virk samskipti í ólíkum aðstæðum, t.d. að elda og ganga saman, fara í fótbolta og að hjóla svo eitthvað sé nefnt. Við miðbik námskeiðsins er lagt fyrir nemendur áhugasviðspróf og þeim leiðbeint út frá niðurstöðum hvaða möguleika þeim stendur til boða. Einnig eru vettvangsferðir skoðaðar út frá niðurstöðum. Námskeiðin eru byggð upp í samræmi við námsskrá Menntamálaráðuneytisins.

Verð 7.000 kr. sem hægt er að fá endurgreiðslu frá stéttarfélagi, Vinnumálastofnun ef ekki stéttarfélagi.

#### Jafnréttishús ehf

Strandgötu 25, 220 Hafnarfjörður

Sími 534 0107

Heimasíða: [www.jafn.is](http://www.jafn.is)

Skráning: [jafn@jafn.is](mailto:jafn@jafn.is)

#### 3.1.2 Námsflokkar Hafnarfjarðar

Námsflokkar Hafnarfjarðar bjóða 50 stundir í íslensku I og II. Einnig bjóða Námsflokkar Hafnarfjarðar ókeypis íslenskukennslu á vinnustöðum í samráði við stéttarfélag.

#### Námsflokkar Hafnarfjarðar

Skólabraut, 220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5860

Heimasíða: <http://www.nhms.is/>

Netfang: [nhms@hafnarfjordur.is](mailto:nhms@hafnarfjordur.is)

#### 3.1.3 The Settlers' School (Landnemasólinn – Mímir-símenntun)

The Settlers' School is for foreigners who speak some Icelandic, for example those who have already taken three 50 class-hour courses in Icelandic for foreigners.

The Settlers school – Mímir In The Settlers' School the emphasis is on spoken language as well as knowledge of the Icelandic community and economy. The subjects we teach are: Icelandic, sociology, computer science, the making of a personal portfolio, building up self-esteem and communication.

The Ministry of Education has agreed that credit points, from The Settlers' School, (up to ten points), can be evaluation in Comprehensive Colleges.

Here you can [view a brochure](#) for The Settlers' School.

Sólborg Jónsdóttir, telephone 580-1800, has further information about The Settlers' School. It is also possible to send an e-mail to [solborg@mimir.is](mailto:solborg@mimir.is).

#### Landnemaskólinn

Skeifan 8, 108 Reykjavík

Sími: 580 1800

Heimasíða: <http://www.mimir.is/>

Netfang: [mimir@mimir.is](mailto:mimir@mimir.is)

### **3.1.4 Mímir - símenntun**

Mímir - símenntun býður upp á hátt í 200 námskeið í íslensku fyrir útlendinga, liðlega 150 almenn námskeið og um 30 starfstengd. Lengd námskeiða er frá 30 kennslustundum og upp í 60 kennslustundir. Markmið námskeiðanna er að þjálfra nemendur í grunnþáttum tungumálsins með sérstakri áherslu á íslenskt talmál.

Kennt hefur verið á fimm mismunandi stigum og að auki er boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna. Nemendur geta einnig komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að meta kunnáttu sína og finna námskeið við sitt hæfi.

Á starfstengdu námskeiðunum er leitast við að tengja orðaforða við daglegar athafnir og nánasta umhverfi á vinnustað. Kennt hefur verið í mörgum geirum atvinnulífsins, s.s. á heilbrigðisstofnunum, flutninga-, bygginga- og tæknifyrirtækjum.

Námsflokkar Reykjavíkur hafa í boði námskeið í íslensku fyrir útlendinga í samvinnu við [Mími-símenntun](#). Reykjavíkurborg greiðir námskeiðin niður fyrir fólk búsett í Reykjavík. Nánari upplýsingar og skráning er hjá [Mími- símenntun](#) í síma 580 1808.

[Mímir-símenntun](#) hefur einnig í boði starfstengd námskeið á vinnustöðum og [Landnemaskólann](#), sem er nám fyrir fólk sem er búíð með 150 stunda íslenskunám eða hefur sambærilega kunnáttu.

#### Mímir – símenntun

Skeifan 8, 108 Reykjavík

Sími: 580 1800

Heimasíða: <http://www.mimir.is/>

Netfang: [mimir@mimir.is](mailto:mimir@mimir.is)

### **3.1.5 Alþjóðahús, The Intercultural centre**

Alþjóðahús býður uppá íslenskunámskeið, bæði almenn námskeið og starfstengd. Frekari upplýsingar á vefsíðunni: <http://www.ahus.is/content/view/23/19/lang.is/>

Please contact the Icelandic language department for information about upcoming Icelandic courses, phone 530 9300 or email: [halldora@ahus.is](mailto:halldora@ahus.is) or [imba@ahus.is](mailto:imba@ahus.is)

<http://www.ahus.is/content/view/23/19/lang.en/>

#### **Icelandic language test for Icelandic citizenship**

Will you be taking the Icelandic language test for citizenship this spring? Do you need to brush up on your Icelandic language skills? Alþjóðhús offers tutorial to prepare for the Icelandic test. For information, contact Imba: [imba@ahus.is](mailto:imba@ahus.is) or tel. 530 9307.

## **Icelandic for Teenagers**

Our ongoing Icelandic courses for teenagers have been very popular. A great chance for teenagers to meet friends, learn Icelandic, increase self confidence and boost self image. Ideal for teenagers aged 15-20 yrs. For information, contact Halldóra: [halldora@ahus.is](mailto:halldora@ahus.is) or tel.530 9309.

### The Intercultural center

Laugavegur 37, 101 Reykjavík

Sími: 530 9300

Heimasíða: [www.ahus.is](http://www.ahus.is)

Netfang: [info@ahus.is](mailto:info@ahus.is)

## **3.1.6 Háskólinn í Reykjavík**

[Háskólinn í Reykjavík](#) er með grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga. Kennslan fer fram á ensku og íslensku og fá nemendur Listaháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sérstakan afslátt á þetta námskeið. Gerð er sú krafa að nemendur séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun.

### Háskólinn í Reykjavík

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík

Sími 599 6200

Heimasíða: [www.ru.is](http://www.ru.is)

Netfang: [ru@ru.is](mailto:ru@ru.is)

## **3.1.7 Endurmenntun Háskóla Íslands**

Endurmenntun Háskóla Íslands býður margvísleg námskeið í íslensku. Innritun fer fram á vef Endurmenntunar.

Fleiri upplýsingar um námskeið á: <http://www.endurmenntun.hi.is/>

### Endurmenntun Háskóla Íslands

Dunhaga 7, 107 Reykjavík

Sími: 525 4444

Netfang: [endurmenntun@hi.is](mailto:endurmenntun@hi.is)

## **3.1.8 Háskóli Íslands**

Í Háskóla Íslands er 90 eininga BA-nám í íslensku fyrir útlendinga. Einnig er hægt að stunda námið í styttri tíma án þess að taka gráðu.

[Icelandic Online](#) er 90 klst. íslenskunámskeið á vefnum á vegum Háskóla Íslands.

Námskeiðið er gjaldfrjálst og öllum opið.

### Háskóli Íslands

Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

Sími: 525 4000

<http://www.hi.is/>

### 3.1.9 Kvöldskóli Kópavogs

Kvöldskóli Kópavogs hefur í boði Íslensku I og Íslensku II. Frekari upplýsingar á vefsíðunni: <http://kvoldskoli.kopavogur.is/namskeid.html#isl>

#### Kvöldskóli Kópavogs

Snælandsskóla við Furugrund, 200 Kópavogur.

Sími: 564 1507

Heimasíða: <http://kvoldskoli.kopavogur.is/>

### 3.2 Þjónustu- og vinnumiðstöðvar

#### 3.2.1 Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 er opin alla virka daga milli kl. 9-16.

##### Mánudaga

Listasmiðjan opin 9 -16. Málin krufin kl. 9. Stefánsanga kl. 9. 10. Félagsvist 13.30. Gáfumannakaffi kl. 15. Tölvurnar alltaf til reiðu. Þúttvöllur.

##### Þriðjudaga

Listasmiðjan opin kl. 9.-16. Morgunþras kl. 9. Stefánsanga kl. 9.10. Verslunarferð í Bónus 12.40. Gáfumannakaffi kl. 15. Tölvurnar alltaf til reiðu. Þúttvöllur.

##### Miðvikudaga

Listasmiðjan opin 9 – 16. Morgunfokk kl. 9. Stefánsanga kl. 9.10. Gáfumannakaffi kl. 15. Tölvurnar alltaf til reiðu. Þúttvöllur.

##### Fimmtudaga

Listasmiðjan opin 9 – 16. Morgunhjal kl. 9. Stefánsanga kl. 9. 10. Gáfumannakaffi kl. 15. Tölvurnar alltaf til reiðu. Þúttvöllur.

##### Föstudaga

Listasmiðjan opin 9 - 16. Morgunfjas kl. 9. Stefánsanga kl. 9. 10. Gáfumannakaffi kl. 15. Tölvurnar alltaf til reiðu. Þúttvöllur.

#### **Myndlistarsýning Erlu Þorleifsdóttur og Stefáns Bjarnasonar opin í sumar.**

- Þúttvöllurinn opin virka daga og um helgar. Átján holu völlum.
- Munið tölvurnar í Betri stofuni.
- Hugmyndabankinn alltaf opin.
- Fjórdá ljóðabók Skapandi skrifa í Hæðargarði til sölu. Verð: 500 kr.
- Hádegisverður kl. 11.30- 12.30. Panta þarf fyrir kl. 09.30 samdægurs.
- Síðdegiskaffi kl. 14.30 – 15.30.
- Í Hæðargarði er er aðstaða sem sjálfsprottir hópar, sem vilja starfa á eigin forsendum, geta nýtt sér í samráði við starfsfólk.
- Yfir sumartímann falla niður fundir í Æðsta ráði Hæðargarðs.

#### Félagsmiðstöðin Hæðargarður

Hæðargarður 31

s. 411-3790

Netfang: <mailto:asdis.skuladottir@reykjavik.is>

### 3.2.2 Sprotahús og frumkvöðlasetur í Mosfellsbæ

Tvö aðskilin nýsköpunarverkefni, V6 Sprotahús og Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar verða rekin í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Setrin verða staðsett undir sama þaki, á Völuteig 6 í Mosfellsbæ, í nýuppgerðu atvinnuhúsnæði sem hefur verið innréttað sérstaklega með tilliti til þeirrar starfsemi sem þar mun fara fram. Vonast er til að verkefnin verði mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið í Mosfellsbæ og nærsveitum.

Innan veggja V6 Sprotahúss er að finna allt sem þarf til að gera hugmynd að veruleika og vel reknu fyrirtæki sem reka má á skynsamlegan og skapandi hátt. Að auki býðst hönnuðum, sprotafyrirtækjum og öðru athafnafólki leiga á borði og aðstöðu og möguleiki til að stunda rekstur með ráðgjöf við hendina og tækifæri til tengslamyndunar í dýnamisku umhverfi. Einnig er stefnt að því að setja á fót verkstæði þar sem hægt verður að framleiða sýnishorn af hvers kyns vörum, m.a. listmuni, minjagripi og margs konar hönnunarvörur til kynningar í tengslum við stofnun fyrirtækis. Stór salur er í boði sem mun bjóða upp á töluverð tækifæri eins og sýningar, veisluhöld, ráðstefnur o.fl.

Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar beinir sjónum einkum að úrræðum fyrir atvinnulausa og stuðningi við viðskiptahugmyndir þeirra í samræmi við markmið frumkvöðlasetra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Markmið frumkvöðlasetra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna.

#### V6 Sprotahús - Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar

Völuteig 6, 270 Mosfellsbæ

Sími: 698-2708 (Ragnar Bjarkan Pálsson)

Heimasíða: [www.v6.is](http://www.v6.is)

Netfang: [v6@v6.is](mailto:v6@v6.is)

### 3.2.3 Frumkvæði – samfélag fyrir ungt atvinnulaust fólk

Að baki verkefninu standa Samband íslenskra framhaldsskólanema, Hugmyndaráðuneytið og Menntamálaráðuneytið. Marmiðið er að virkja ungt fólk þannig að það hafi ástæðu til að koma sér framúr í sumar. Ef ungt fólk hefur áhuga á að stofna nýtt fólboftafélag, hljómsveit, vefmiðil, bílaverkstæði, standa að ræðukeppni eða taflmóti svo fátt eitt sé nefnt þá er um að gera að skrá sig á [www.frumkvaedi.is](http://www.frumkvaedi.is).

Allir geta skráð sig í verkefnið, hvort sem um einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki eða bæjarfélög er að fæða. Frumkvæði er rekið í samstarfi við Miðstöð ungs fólks í Austurbæjarbíói.

#### Frumkvæði

Vefsíða: [www.frumkvaedi.is](http://www.frumkvaedi.is)

### 3.2.4 Miðstöð fyrir ungt fólk í Austurbæjarbíói

Miðstöðin er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lýðheilsustöðvar, Rauða krossins og Menntamálaráðuneytisins.

Markmiðið er að virkja frumkvæði og sköpunarkraft ungmenna í Reykjavík með því að skapa þeim vettvang til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Þar gefst tækifæri til mögulegrar atvinnusköpunar, sjálfboðaliðaverkefna, stofnun grasrótarhópa, hljómsveita, leik- og danshópa og ýmislegs fleira.

### 3.2.5 Fjölmenningarsetur

Fjölmenningarsetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi, eða vilja flytja hingað erlendis frá.

Fjölmenningarsetur starfrækir upplýsingasíma á ensku, pólsku, serbnesku og króatísku og taílensku.

Jafnframt flytur Fjölmenningarsetur fréttir á textavarpri sjónvarps. Þar eru nú birtar innlendar fréttir á pólsku á síðu 138 og serbnesku/króatísku á síðu 139.

Fjölmenningarsetur er staðsett að Árnagötu 2 á Ísafirði en þjónustar allt landið.

#### Fjölmenningarsetur

Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður

Sími: 450-3090 / Austurland: 895-0043

Heimasíða: <http://www.mcc.is>

Netfang: <mailto:info@mcc.is> og [fjoldemningarsetur@fjoldemningarsetur](mailto:fjoldemningarsetur@fjoldemningarsetur)

### 3.2.6 Jafnréttishús

Jafnréttishús stuðlar að virkum samræðum (e.dialog) milli menningarheima og leggur áherslu á það sem fyrsta skrefið í farsælli aðlögun innflytjenda á Íslandi sem og Íslendinga að fjölmenningar samfélagi. Markmið Jafnréttishúss er að brjóta niður samfélagslegar hindranir með virku dialog milli menningarheima. Jafnréttishús nær markmiðum sínum með ýmis konar fræðslu- og ráðgjafarþjónustu og skapar vettvang fyrir dialog milli menningarheima.

Jafnréttishús sinnir fræðslu og ráðgjöf fyrir innflytjendur og Íslendinga. Jafnréttishús starfar í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda á Íslandi.

Einnig í boði túlkþjónusta og námskeið m.a. íslenska fyrir útlendinga

#### Jafnréttishús

Strandgata 25, 220 Hafnarfjörður

Sími: 534 0107

Heimasíða: <http://www.jafn.is>

Netfang: [jafn@jafn.is](mailto:jafn@jafn.is)

### 3.2.7 Miðstöð atvinnuleitenda í Fjarðarbyggð

Miðstöðin er rekin af Fjarðarbyggð, AFL starfsgreinafélags, VR, Reyðarfjarðardeild Rauða kross Íslands, Þekkingarneti Austurlands og Vinnumálastofnun.

Markmiðið með rekstri miðstöðvarinnar er að bjóða íbúum Fjarðarbyggðar sem eru í atvinnuleit upp á samþætta þjónustu í formi námskeiða, náms- og starfsráðgjafar og annarrar ráðgjafar og þjónustu. Jafnframt verður leitast við að aðstoða fólk við að finna námsleiðir í framhalds- og háskólum.

Miðstöðin verður opin alla virka daga frá klukkan 9:00 til 16:00.

Miðstöðin verður staðsett að Búðareyri 1 á Reyðarfirði en jafnframt verður þjónustu við atvinnuleitendur sinnt í starfsstöðvum AFLS og Þekkingarnets Austurlands víða í Fjarðarbyggð.

#### Miðstöð atvinnuleitenda í Fjarðarbyggð

Búðareyri 1, Reyðarfirði

Sími: 471 2838

### 3.2.8 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið rekur sex þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur og er hlutverk þeirra að veita Reykvíkum þverfaglega og samræmda þjónustu um persónuleg málefni, ráðgjöf við starfsfólk leik- og grunnskóla og aðra faglega þjónustu til stofnana og félagasamtaka í hverfunum. Þjónustumiðstöðvar sinna einnig forvarnarmálum og ýmsum menningartengdum samfélags- verkefnum en samstarf við stofnanir og félagasamtök skipar stóran sess í starfi þjónustumiðstöðva.

- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Hraunbæ 115, sími: 411 1200, [www.arbaer.is](http://www.arbaer.is)
- Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12 sími: 411 1300, [www.breidholt.is](http://www.breidholt.is)
- Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Langarima 21 sími: 411 1400, [www.grafarvogur.is](http://www.grafarvogur.is), [www.midgardur.is](http://www.midgardur.is)
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 sími: 411 1500, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21 sími: 411 1600, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Vesturgarður, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45 – 47 sími: 411 1700, [www.vesturbaer.is](http://www.vesturbaer.is)

Ráðgjöf tekur m.a. til:

- Atvinnuleysis
- Áfengis- og vímuefnavanda
- Fjárhagsvanda
- Fjölskylduvanda
- Fötlunar
- Húsnæðisvanda
- Málefna barna og ungmenna
- Málefna útlendinga
- Náms- og starfsráðgjafar
- Veikinda
- Öldrunar

### Félagsstarf fyrir fullorðna

Félagsmiðstöðvar eru 16 talsins á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og eru þær opnar fólki á öllum aldri. Margvíslegt félagsstarf er í boði og má þar nefna listasmiðju, leikfimi, spilamennsku og tréskurð. Dagskrá félagsmiðstöðva er auglýst m.a. á vefsíðu Velferðarsviðs (<http://velferdarsvid.is>) og í Morgunblaðinu, Staður og stund ([mbl.is/folk](http://mbl.is/folk)).

Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi skipuleggja fjölbreytt félagsstarf fyrir eldri borgara í Grafarvogi og hafa samtökin aðstöðu á Korpúlfsstöðum. Sími 517 3040. Tengiliður er Arndís Ósk Hauksdóttir, Miðgarði Langarima 21, sími : 411 1400.

## Skóla – og sérfræðipjónusta fyrir börn og unglunga

Á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar er starfandi hópur fagfólks skipaður sálfræðingum, félagsráðgjöfum og sérkennsluráðgjöfum sem veitir íbúum og skólum hverfisins þverfaglega ráðgjöf og stuðning til að mæta sérþörfum barna og fjölskylda þeirra. Sérfræðipjónusta skóla veitir ráðgjöf til starfsfólks skóla, foreldra og nemenda eftir þörfum.

Ef áhyggjur eru af uppeldisaðstæðum barna er leitað til Barnaverndar Reykjavíkur sem hefur það hlutverk að tryggja að reykvísk börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Óviðunandi aðstæður geta skapast vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, eða ef óttast er að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

### Skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur

Borgartúni 12 -14, 105 Reykjavík.

Sími: 411 11 11. Einnig er hægt að hringja í 112 sem tekur við tilkynningum um slæman aðbúnað barna og sinnir bráðatilvikum vegna barnaverndarmála allan sólarhringinn.

Heimasíða: [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)

Netfang: [barnavernd@reykjavik.is](mailto:barnavernd@reykjavik.is)

## Tómstundir barna og unglunga

Frístundamiðstöðvar fyrir unglunga eru 6 talsins á vegum Reykjavíkurborgar. Vettvangur starfsemi frístundamiðstöðva er frítími allra borgarbúa, en megináherslan er lögð á barna- og unglungastarf. Frístundamiðstöðvarnar sjá um rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila í sínu hverfi.

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru 20 talsins og er megináhersla á starf fyrir unglunga á aldrinum 13-16 ára.

### Íbróttá og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR)

Bæjarhálsi 1, 4. hæð, 110 Reykjavík

Sími: 411 5000

Heimasíða: [www.itr.is](http://www.itr.is)

Netfang: [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is)

### 3.2.9 Deiglan – atvinnu og þróunarsetur

Deiglan menntasetrið við Lækinn í Hafnarfirði var sett á stofn til að bregðast við þrengingum á vinnumarkaði og vaxandi atvinnuleysi. Tilgangur með Deigluinni er að skapa vettvang og aðstöðu fyrir samveru, hugmyndavinnu og þróun nýrra tækifæra. Í boði verða ýmis námskeið og ráðgjöf. Allar hugmyndir eru velkomnar. Aðstaðan er opin öllum, hvort sem þeir eru atvinnulausir eða ekki.

Meðal þess sem er í boði er t.d. kennsla við heimilisbókhald, gerð ferilskráa, hönnun og fjölmiðlun, líkamsrækt og ljósmyndun. Deiglan er opin milli klukkan 9:00 og 12:00 alla virka daga. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna undir þessari slóð:

[http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/fjolskyldan/frettir/?ew\\_news\\_onlyarea=&ew\\_news\\_0\\_nlyposition=0&cat\\_id=1684&ew\\_0\\_a\\_id=9632](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/fjolskyldan/frettir/?ew_news_onlyarea=&ew_news_0_nlyposition=0&cat_id=1684&ew_0_a_id=9632)

Fastir liðir á þriðjudögum er m.a. gönguhópur sem endra í heimsókn hjá einhverju hafnfirsku fyrirtæki, einföld ferðamannaspænskukennsla, stofnun ör-fyrirtækja, þróunakennsla og klippimyndagerð. Á fimmtudögum er myndlistarleiðsögn.

Á þriðjudögum og fimmtudögum, milli kl.14-16, gefst umbjóðendum Deigluinnar kostur á að nýta sér líkamsræktaraðstöðu Hauka á Ásvöllum sér að kostnaðarlausu undir leiðsögn þjálfara. Hafnarfjarðarbær býður fólki í atvinnuleit sundkort og bókasafnskort í sex mánuði í senn.

Sækja þarf um kortin í Deiglu og hafa meðferðis persónuskilríki, kvittun um greiðslu atvinnuleysisbóta og passamynd.

### Deiglan

Menntasetrið við Lækinn,  
Skólabraut, 220 Hafnarfirði  
Sími: 517 7878 / 664 5526  
Netfang: [deiglan@hafnarfjordur.is](mailto:deiglan@hafnarfjordur.is)  
Heimasíða: [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

### **3.2.10 Fjölskyldumiðstöðin**

Fjölskyldumiðstöðin er rekin í samstarfi við Reykjavík borg og félagsmálaráðuneytið. Þar er boðið uppá 10 tíma ókeypis ráðgjöf sérfræðinga (sálfræðingar og félagsráðgjafar) fyrir fjölskyldur.

Markmið starfseminnar er að bjóða aðgengilega ráðgjöf fyrir fjölskyldur, styrkja bjargráð innan þeirra og veita markvissa leiðsögn um úrbætur. Áhersla er á að styðja foreldra, sem eiga börn í vanda, svo sem vegna vímuefnaneyslu, samskiptavanda, hegðunarfrávika og erfiðleika í skóla.

Ráðgjöfin er veitt með viðtölum fyrir hverja fjölskyldu og einnig er í boði hópstarf, sem er tvíþætt, annars vegar barna/unglingahópur þar sem starf miðast við að efla skilning á breytingum unglingsáranna og innsæi í samskiptum og hins vegar foreldrahópur til að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu með samræðum, fræðslu og að deila reynslu innan hópsins. Í þróun hópstarfsins hefur samvinna aukist milli Fjölskyldumiðstöðvar, Þjónustumiðstöðva, ÍTR og skóla, sem gerir það markvissara og líklegra til að skila betri árangri.

Til þess að nýta sér þjónustu miðstöðvarinnar verða foreldrar að hafa samband við hana símleiðis og óska eftir viðtali/aðstoð. Þjónusta Fjölskyldumiðstöðvar er opin öllum. Hægt er að panta viðtal mánudaga og þriðjudaga kl. 09-18; miðvikudaga kl. 09-20; fimmtudaga kl. 09-17 og föstudaga kl. 09-12.

### Fjölskyldumiðstöðin

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík  
Sími: 511 1599  
Netfang: [fjolskyldumidstod@sjonarholl.net](mailto:fjolskyldumidstod@sjonarholl.net)

### **3.2.11 Foreldrahús**

Foreldrahús er með opna fræðslufundi frá 16:30-18:00 alla miðvikudaga að Borgartúni 6. Þar er hægt að fá fræðslu og kynningu á þeim úrræðum sem eru í boði fyrir börn í vanda.

### Foreldrahús

Borgartún 6, 105 Reykjavík  
Sími: 511 6161 / 551 6160  
Heimasíða: [www.vimulaus.is](http://www.vimulaus.is)  
Netfang: [vimulaus@vimulaus.is](mailto:vimulaus@vimulaus.is)

### 3.2.12 VIRKJUN mannauðs á Reykjanesi

Virkjun mannauðs á Reykjanesi hefur starfað af fullum krafti frá formlegri opnun sem var þann 15. janúar 2009. Frá þeim tíma hafa verið haldin ýmis námskeið og fyrirlestrar og boðið hefur verið upp á margskonar þjónustu og ráðgjöf. Að auki er boðið upp á afþreyingu, svo sem billjard, pílukast, tölvunotkun (m.a. netið) o.fl.

Ýmis námskeið, fyrirlestrar og kynningar í boði, þar fyrir utan er í gangi hópastarf og afþreying svo sem billjard, pílukast, tölvunotkun o.fl.

Allir eru velkomnir og allt er frítt

Opið alla virka daga frá kl. 09:00-16:00 og stundum lengur.

#### VIRKJUN

Gamla varnaliðssvæðinu í Reykjanesbæ

Sími: 426 5388

Heimasíða: [www.virkjun.net](http://www.virkjun.net)

Netfang: [virkjunmannauðs@gmail.com](mailto:virkjunmannauðs@gmail.com)

### 3.2.13 Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands – veitir ráðgjöf varðandi stofnun fyrirtækja. Fræðslu- og stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla. Impra veitir öllum frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi leiðsögn, sama í hvaða atvinnugrein þau starfa, hvort heldur á sviði iðnaðar, sjávarútvegs, þjónustu eða annarra greina íslensks atvinnulífs. Impra á Nýsköpunarmiðstöð heldur fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki.

#### Impra

Keldnaholti, 112 Reykjavík

Sími: 522 9267

Heimasíða: [www.impra.is](http://www.impra.is)

### 3.2.14 IÐAN fræðslusetur ehf

IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar.

Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

Hjá IÐUNNI má finna margvíslegar upplýsingar og ráðgjöf (<http://idan.is/urraedi/>):

[Upplýsingaveita – samstarf um menntunarúrræði](#). Þegar atvinnuástand landsins breyttist kom saman hópur aðila sem hefur yfirsýn yfir ýmis úrræði fyrir einstaklinga.

Á vef Iðunar (<http://idan.is/nam-og-storf>) finnur þú upplýsingar um nám og störf í iðnaði.

#### IÐAN fræðslusetur ehf

Skúlatún 2, 105 Reykjavík

Sími 590-6400

Heimasíða: [www.idan.is](http://www.idan.is); <http://idan.is/urraedi/>

Netfang: [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)

### 3.2.15 Hlutverkasetur

Hlutverkasetur hvetur þá, sem misst hafa vinnuna eða önnur mikilvæg hlutverk að koma í Hlutverkasetur og taka þátt í að byggja upp jákvætt umhverfi, koma reglu á lífið, og kynnast fólki í svipuðum aðstæðum. Hlutverkasetur býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja efla starfsgetu á markvissan hátt eða auka lífsgæðin. Stefnt er að því að efla sjálfsmynd gegnum verkefni, fræðslu og umræður.

Starfsfólk Hlutverkaseturs veitir hvatningu og stuðning, í gegnum samveru, samskipti og sameiginleg verkefni til að aðlagast breyttum aðstæðum. Markmið er að komast aftur út á almennan vinnumarkað, fara í nám eða auka lífsgæði.

Á föstudögum milli 13 og 14 eru kynningar á Hlutverkasetri. Allir velkomnir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemina.

#### Hlutverkasetur

Laugavegi 26 (Grettisgötumegin), 101 Reykjavík

Sími: 517 3471

Heimasíða: [www.hlutverkasetur.is](http://www.hlutverkasetur.is)

Netfang: [hlutverkasetur@hlutverkasetur.is](mailto:hlutverkasetur@hlutverkasetur.is)

### 3.2.16 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er mögulegt að nálgast upplýsingaveitu um samstarf í menntunarræðum: <http://www.frae.is/samstarfshopur/frettir/>, þar sem nýjustu námskeið og úrræði eru kynnt.

#### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Skeifunni 8, 108 Reykjavík

Sími: 599 1400

Heimasíða: [www.frae.is](http://www.frae.is)

Netfang: [fraedslumidstod@fraedslumidstod.is](mailto:fraedslumidstod@fraedslumidstod.is)

### 3.2.17 Fjölsmiðjan

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk, sem stendur á krossgötum. Fjölpætt verkþjálfun og fræðslustarfsemi fyrir ungt fólk 16-24 ára sem hætt hefur í námi eða ekki fótað sig á atvinnumarkaði. Hér gefst fólki tækifæri til að þjálfast fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Greitt er fyrir störf sem samsvarar atvinnuleysisbótum. Morgun- og hádegismatur er snæddur á staðnum. Reynt er að hafa vinnustaðinn fjölbreyttan og skemmtilegan.

Í boði eru: Trésmíðadeild, hússtjórnar- og matreiðsludeild, bílapvottadeild og rafdeild, tölvu- og prentdeild, hönnunar- og fatadeild. Vinnutími í Fjölsmiðjunni er frá klukkan 8:30-15:00 alla virka daga.

#### Fjölsmiðjan

Kópavogsbraut 5-7, 200 Kópavogur

Þorbjörn Jensson, s. 544-4080/gsm. 894-6070

Heimasíða: [www.fjolsmidjan.is](http://www.fjolsmidjan.is)

Netfang: [upplýsingar@fjolsmidjan.is](mailto:upplýsingar@fjolsmidjan.is)

### 3.2.18 Rauði Kross Íslands

Deildir Rauða krossins víða um land eru með opin hús fyrir almenning þar sem fram fer ýmis konar fræðsla og félagsstarf - oft í samstarfi við sveitarfélagið eða aðra í heimabyggð.

**Akranesdeild:** Rauði krossinn Skólabraut 25a Akranesi. Opið alla virka daga frá kl. 13-16. Nánari upplýsingar veitir Shyamali í síma 6967424.

**Álftanesdeild:** Rauðakrosshúsið Borgartúni 25 Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12-17. Nánari upplýsingar í síma 570 4090 og á [raudakrosshusid.is](http://raudakrosshusid.is)

**Árnesingadeild:** Smiðjan Austurvegi 36 Selfossi. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 10-14. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Árnesingadeild í síma 482 4445.

**Garðabæjardeild:** Sjálfböðamiðstöð Hrísmóa 4 Garðartorgi. Opin þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 11-13. Nánari upplýsingar í síma 5659494 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið [gardabaer@redcross.is](mailto:gardabaer@redcross.is). Rauðakrosshúsið Borgartúni 25, Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12-17. Nánari upplýsingar í síma 570 4090 og á [raudakrosshusid.is](http://raudakrosshusid.is)

**Grundarfjarðardeild:** Húsnæði verkalýðsfélagsins Borgarbraut 2 Grundarfirði. Opið alla virka daga frá kl. 9-11. Samstarf við Sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Þórunn í síma 8980840.

**Hafnarfjarðardeild:** Sjálfböðamiðstöð. Strandgötu 24. Opin frá alla virka daga frá kl. 9-15. Nánari upplýsingar í síma 565 1222 eða með því að senda fyrirspurn á [hafnarfjordur@redcross.is](mailto:hafnarfjordur@redcross.is). Rauðakrosshúsið Borgartúni 25 Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12-17. Nánari upplýsingar í síma 570 4090 og á [raudakrosshusid.is](http://raudakrosshusid.is)

**Hornafjarðardeild:** Rauði krossinn, Hafnarbraut 40. Opið einu sinni í mánuði, annan laugardag, frá kl. 13-15. Nánari upplýsingar veitir Magnhildur Gísladóttir í síma 8657289 og 6596563.

**Húsavíkurdeild:** Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 10-12. Samstarf við Stéttarfélagið Framsýn, félagsþjónustuna, Vinnumálastofnun og Þekkingarsetrið. Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Freysson í síma 899 9241.

**Hveragerðisdeild:** Rauði krossinn, Austurmörk 7. Opið mánudaga og fimmtudaga frá kl. 9-12. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Hveragerðisdeild í síma 483 1895 / 895 1895.

**Kjósarsýsludeild:** Sjálfböðamiðstöð Þverholti 7. Opið hús þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 10-13. Allir velomnir. Fjölbreytt dagskrá í boði. Upplýsingar um dagskrá á heimasíðu deildarinnar. Nánari upplýsingar í síma 898-6065 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið [kjosarsysla@redcross.is](mailto:kjosarsysla@redcross.is).

Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa í sameiningu unnið að viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri inflúensu í samræmi við ákvörðun ríkistjórnarinnar frá 10. febrúar 2006. Sömuleiðis hefur verið mikil samvinna hjá sóttvarnalækni, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun í forvörnum gegn fuglainflúensu til að hefta útbreiðslu í dýrum og koma í veg fyrir smit í mönnum.

## 5.10 Alþjóðahús

Þú getur fengið aðstoð eða ráðgjöf í Alþjóðahúsi. Það skiptir ekki máli hvaða upplýsingar eða hjálp þig vantar, við munum reyna að aðstoða þig. Meðal spurninga sem við reynum að svara er: Hvar fæ ég kennitölu eða hvar er hægt aðná í tiltekin eyðublöð? Einnig getur þú leitað til Alþjóðahúss vegna alvarlegri mála, t.d. um atvinnu- og dvalarleyfi, tryggingar, menntun, húsnæði eða réttindi einstaklinga.

Flestar þessara upplýsinga er þó að finna til vinstri á vefsíðunni [www.ahus.is](http://www.ahus.is). Ef þú finnur ekki það sem þú ert að leita að, eða finnst betra að tala við einhvern heldur en að lesa, getur þú hringt í okkur síma 530 9300 eða kíkt við á opnunartíma frá kl. 9- 17 mánudaga til miðvikudaga, frá kl. 9- 18 fimmtudaga og frá kl. 9-15 föstudaga.

## Ráðgjöf

Stundum þurfum við meiri hjálp. Ekki bara upplýsingar heldur persónulega aðstoð við að leysa alvarlegri vandamál. Toshiki Toma er prestur innflytjenda. Þeir sem vilja leita ráða vegna fjölskylduvandamála, eða hafa þörf fyrir að ræða um áhyggjur sínar, geta leitað til hans. Við leggjum áherslu á það að presturinn starfar sem almennur ráðgjafi í samstarfi við Alþjóðahúsið, ekki sem kristinn trúboði. Hægt er að panta tíma hjá Toshiki með því að hringja í síma 869 6526 eða senda tölvupóst til [toshiki@toma.is](mailto:toshiki@toma.is).

### Alþjóðahús

Laugavegur 37, 101 Reykjavík

Sími: 530 9300, Toshiki Toma: 869-6526.

Heimasíða: [www.ahus.is](http://www.ahus.is)

Netfang: [info@ahus.is](mailto:info@ahus.is)/ Toshii Toma: [toshiki@toma.is](mailto:toshiki@toma.is)

## 5.11 Jafnréttishús

Jafnréttishús veitir upplýsingar og ráðgjöf um íslenskt samfélag fyrir Íslendinga og innflytjendur. M.a. hagnýtar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað, heilsugæslu, skólamál, húsnæði og banka. Ráðgjöf í huglægari efnum eins og mannlegum samskiptum í fjölmenningsamfélagi, menningarmun, menningarsjokki, fordómum, rasisma og tungumálum.

### Jafnréttishús

Strandgötu 25

220 Hafnarfjörður

534-0107

<http://www.jafn.is>

## 5.12 Fjölmenningssetur

Fjölmenningssetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi, eða vilja flytja hingað erlendis frá.

Fjölmenningssetur starfrækir upplýsingasíma á ensku, pólsku, serbnesku og króatísku og taílensku. Jafnframt flytur Fjölmenningssetur fréttir á textavarpri sjónvarps. Þar eru nú birtar innlendar fréttir á pólsku á síðu 138 og serbnesku/króatísku á síðu 139.

Fjölmenningssetur er staðsett á Ísafirði en þjónustar allt landið.

### Fjölmenningssetur

Árnagata 2-4

400 Ísafjörður

Sími: 450-3090 Austurland 895-0043

Heimasíða: <http://www.mcc.is>

Netfang <mailto:info@mcc.is> og [fjolmenningarsetur@fjolmenningarsetur](mailto:fjolmenningarsetur@fjolmenningarsetur)

## 5.13 Náms- og starfsráðgjöf

### 5.13.1 Námsflokkar Reykjavíkur

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða Reykvíkingum eldri en 16 ára ókeypis náms- og starfsráðgjöf á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

#### Námsflokkar Reykjavíkur

Þönglabakka 4, Mjódd, 109 Reykjavík

Sími: 411 7040

Heimasíða: [www.namsflokkar.is](http://www.namsflokkar.is)

Tölvupóstur: [nfr@namsflokkar.is](mailto:nfr@namsflokkar.is)

### 5.13.2 Mímir - símenntun

Náms- og starfsráðgjafar Mímis - símenntunar veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða þeir einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Í starfi sínu hefur náms- og starfsráðgjafi það að meginmarkmiði að stuðla að velferð einstaklinga.

Náms- og starfsráðgjafar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi. Í dag eru gerðar kröfur um að starfsmenn búi yfir góðri og fjölbreyttri kunnáttu. Því skiptir máli að hver einstaklingur leiti leiða til að bæta við sig þekkingu og auka færni sína.

Vandi margra sem vilja auka menntun sína er að velja nám sem hentar og gera áætlun um fyrstu skref. Þá geta þættir eins og tímaskortur eða vandi tengdur lestri eða ritun verið hindrun í að taka ákvörðun um nám.

Með því að ræða við náms- og starfsráðgjafa gefst tækifæri til að skoða og meta eigin stöðu, til dæmis áhuga og hæfni, átta sig á hvaða möguleikar eru í boði og gera áætlun um hvert skal stefna. Góð hvatning getur skipt sköpum þegar hefjast skal handa við ný verkefni.

#### Mímir - símenntun

Skeifunni 8, 108 Reykjavík

Sími 580 1800

Heimasíða: [www.mimir.is](http://www.mimir.is)

Netfang: [radgjof@mimir.is](mailto:radgjof@mimir.is)

### 5.13.3 Vinnumálastofnun

Á Vinnumálastofnun er hægt að tala við náms- og starfsráðgjafa.

#### Vinnumálastofnun í Reykjavík

Engjateig 11, 105 Reykjavík

Sími: 515 4850

Heimasíða: [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

Netfang: [postur@vmst.is](mailto:postur@vmst.is)

### 5.13.4 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið rekur sex þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur og er hlutverk þeirra að veita Reykvíkingum þverfaglega og samræmda þjónustu um persónuleg málefni, ráðgjöf við starfsfólk leik- og grunnskóla og aðra faglega þjónustu til stofnana og félagasamtaka í

hverfunum. Þjónustumiðstöðvar sinna einnig forvarnarmálum og ýmsum menningartengdum samfélags- verkefnum en samstarf við stofnanir og félagasamtök skipar stóran sess í starfi þjónustumiðstöðva.

- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Húsi Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, sími: 411 1200, [www.arbaer.is](http://www.arbaer.is)
- Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12 sími: 411 1300, [www.breidholt.is](http://www.breidholt.is)
- Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Langarima 21 sími: 411 1400, [www.grafarvogur.is](http://www.grafarvogur.is), [www.midgardur.is](http://www.midgardur.is)
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 sími: 411 1500, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21 sími: 411 1600, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Vesturgarður, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45 – 47 sími: 411 1700, [www.vesturbaer.is](http://www.vesturbaer.is),

#### **Ráðgjöf tekur m.a. til:**

- Atvinnuleysis
- Áfengis- og vímuefnavanda
- Fjárhagsvanda
- Fjölskylduvanda
- Fötlunar
- Húsnæðisvanda
- Málefna barna og ungmenna
- Málefna útlendinga
- Náms- og starfsráðgjafar
- Veikinda
- Öldrunar

#### Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 4 11 11 11

Heimasíða: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-67>

Netfang: [velferd@reykjavik.is](mailto:velferd@reykjavik.is)

#### **5.13.5 IDAN fræðslusetur ehf**

Eigendur IDUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðapjónustunnar.

Hlutverk IDUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

Hjá IDUNNI má finna margvíslegar upplýsingar og ráðgjöf (<http://idan.is/urraedi/>):

#### Viðtal við náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR bjóða öllum í viðtal til sín. Best er að hafa samband við skrifstofu IDUNNAR fræðsluseturs í sími 590-6400 og bókað viðtal hjá þeim eða með

tölvupósti til náms- og starfsráðgjafanna. Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is).

#### Atvinnuumsóknir – ferilskrá

Þegar sótt er um starf þarf að huga að ýmsum atriðum s.s. atvinnuumsókn, ferilskrá og atvinnuviðtal. Náms- og starfsráðgjafar geta leiðbeint áhugasömum í gegnum ferlið. [Hér](#) getur þú nálgast uppsetningu á ferilskrá. [Hér](#) getur þú nálgast uppsetningu á kynningarbréfi.

#### Raunfærnimat

Hefur þú áhuga á að ljúka iðnnámi sem þú hefur starfað við? Ert þú 25 ára eða eldri og með 5 ára staðfestan vinnutíma í iðngreininni? Þá á þetta við þig. Hafðu samband við náms- og starfsráðgjafa okkar, [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is) eða í síma 590-6400. Hlökkum til að heyra frá þér!

#### Áhugasviðskannanir

IÐAN býður upp á tvær áhugasviðskannanir: [STRONG](#) og [Í leit að starfi](#). Niðurstöður þeirra aðstoða einstaklinga við að bera kennsl á áhugasvið sitt og leiðbeina þeim við að afmarka ýmsa þætti þess, t.d. hvernig áhugasvið þeirra getur komið þeim að gagni í námi, starfi og tómstundum. Niðurstöðurnar koma sér vel við að skoða eigið sjálf og taka ákvörðun um nám og starfsval.

#### IÐAN fræðslusetur ehf

Skúlatún 2, 105 Reykjavík

Sími 590-6400

Heimasíða: [www.idan.is](http://www.idan.is); <http://idan.is/urraedi/>

Netfang: [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)

### **5.13.6 Menntatorg**

Upplýsingavefurinn [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is) er ætlaður þeim sem eru 20 ára og eldri, hafa ekki lokið framhaldsskóla, eru atvinnulaus og eru að leita sér að stuttu námi eða námskeiði.

Vefurinn er flokkaður í eftirfarandi flokka:

[Námsúrræði](#) - áhersla á að kynna nám og námskeið sem er hægt að stunda á atvinnuleysisbótum.

[Önnur úrræði](#) - fjölmörg úrræði sem nýtast bæði atvinnuleitendum og atvinnu-rekendum sem Vinnumálastofnun heldur utan um.

[Náms- og starfsráðgjöf](#) - kynnt hvað námsráðgjöf felur í sér og hvar hún fæst.

[Raunfærnimat](#) - kynnt hvað raunfærnimat er og hvar er hægt að fara í slíkt mat.

[Atvinnuútsir](#) - ýmsar upplýsingar sem geta nýst atvinnulausum.

#### Menntatorg

Skeifunni 8, 108 Reykjavík

Sími: 599 1400

Heimasíða: [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is)

Netfang: [fraedslumidstod@fraedslumidstod.is](mailto:fraedslumidstod@fraedslumidstod.is)

## **5.14 Sálfærðileg ráðgjöf og stuðningur**

### **5.14.1 Ráðgjafarþjónusta Öryrkjabandalands Íslands**

Skrifstofa ÖBÍ hefur á að skipa ráðgjöfum sem sinna almennri ráðgjöf og upplýsingagjöf til öryrkja, fatlaða og aðstandenda um réttindi þeirra og skyldur, og aðstoða í samskiptum þeirra

við ýmsar stofnanir er varða réttindi- og hagsmunamál þeirra. Hægt er að hringja í símatíma ráðgjafanna eða panta viðtal á skrifstofu ÖBÍ í síma 530-6700. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: [www.obi.is](http://www.obi.is)

### Öryrkjabandalag Íslands

Hátún 10, 105 Reykjavík

Sími: 552 6800

Heimasíða: [www.obi.is](http://www.obi.is)

Netfang: [obi@obi.is](mailto:obi@obi.is)

## **5.14.2 Fjölskylduþjónusta kirkjunnar**

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar er þjónusta við hjón, fólk í sambúð, fjölskyldur og einstaklinga, sem finnst þeir vera í einhvers konar vanda í samskiptum við sína nánustu og vilja finna nýjar lausnir.

Símatímar: Mánudaga frá kl.12:45 - 13:15. Aðra virka daga frá kl.8:30 - 9:00.

Opnunartími: Virka daga frá kl. 8:30 til 16:30.

Fjölskylduþjónustan er hluti af sálægslustarfi kirkjunnar og þjónar öllu landinu. Öllum er heimilt að leita beint til okkar og sumir koma samkvæmt ábendingu prests eða annarra aðila.

Þú getur í fyrstu snúið þér til þíns sóknarprests og leitað aðstoðar hans eða hennar. Prestar kirkjunnar um land allt hafa sérstaka viðtalstíma fyrir sóknarbörn sín.

### Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Klapparstíg 25-27, 5 hæð , 101 Reykjavík

Sími: 528 4300

Heimasíða: <http://www.kirkjan.is/annall/fjolskylduthjonusta>

## **5.14.3 Kvíðameðferðarstöðin**

Um er að ræða meðferðarstöð þar sem boðið er upp á hugræna atferlismeðferð við kvíða og skyldum vandkvæðum fyrir fullorðna. Leitast er við að bjóða upp á einstaklingsniðna og árangursmiðaða meðferð sem fer ýmist fram á formi einstaklings- eða hópmeðferðar eftir því sem við á. Starfsfólk stöðvarinnar starfar saman í teymi sem samanstendur af sálfræðingum sem hafa sérhæft sig í meðhöndlun á þessu sviði.

Kvíðameðferðarstöðin hefur tekið þá ákvörðun að lækka verða á námskeiðum sökum kreppunnar. Því miður sáum við okkur ekki fært á að lækka verð á einstaklingsviðtölum hjá sálfræðingum en benda má á að við Kvíðameðferðarstöðina starfa tveir sálfræðinemar sem sinna greiningu og meðferð.

### Kvíðameðferðarstöðin

Skútuvogi 1a, 104 Reykjavík

Sími: 534 0110 / 822 0043

Heimasíða: [www.kms.is](http://www.kms.is)

Netfang: [kms@kms.is](mailto:kms@kms.is)

## **5.14.4 Rauðakrosshúsið**

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem þeim gefst tækifæri til að sækja ýmiss konar námskeið og fá fræðslu og sálrænan stuðning. Með starfseminni vill Rauði krossinn veita einstaklingum og fjölskyldum stuðning til að takast á við breyttar aðstæður eða nýta krafta sína öðrum til gagns. Félagsstarfið og fræðslan er opið öllum. Lögð er áhersla á

samvinnu, stuðning og sjálfböðna vinnu. Starf Rauðakrosshússins er byggt á áralangri reynslu félagsins af viðbrögðum í neyð.

Í miðstöðinni er tölvuver, kaffihorn, krakkahorn og þar eru haldin fjölbreytt, gjaldfrjáls námskeið.

### Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 og er opið hús virka daga kl. 12 til 17.

Sími: 570 4000

Heimasíða: [www.raudakrosshusid.is](http://www.raudakrosshusid.is)

Netfang: [raudakrosshusid@redcross.is](mailto:raudakrosshusid@redcross.is)

### **5.14.5 Kvennaathvarfið**

Í Kvennaathvarfinu býðst stuðningur og ráðgjöf fyrir konur sem búa við eða hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum. Hægt er að fá ókeypis viðtal með stuttum fyrirvara, oft jafnvel samdægurs. Einnig geta konur komið til dvalar sé dvöl á heimili óbærileg vegna ofbeldis og neyðarsíminn er opinn allan sólarhringinn. Jafnframt er boðið upp á sjálfshjálparhópa fyrir konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi.

### Kvennaathvarfið

Neyðarsími: 561 1205

Heimasíða: [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)

### **5.14.6 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar**

Velferðarsvið rekur sex þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkur og er hlutverk þeirra að veita Reykvíkíngum þverfaglega og samræmda þjónustu um persónuleg málefni, ráðgjöf við starfsfólk leik- og grunnskóla og aðra faglega þjónustu til stofnana og félagasamtaka í hverfunum. Þjónustumiðstöðvar sinna einnig forvarnarmálum og ýmsum menningartengdum samfélags- verkefnum en samstarf við stofnanir og félagasamtök skipar stóran sess í starfi þjónustumiðstöðva.

- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Húsi Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, sími: 411 1200, [www.arbaer.is](http://www.arbaer.is)
- Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12 sími: 411 1300, [www.breidholt.is](http://www.breidholt.is)
- Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Langarima 21 sími: 411 1400, [www.grafarvogur.is](http://www.grafarvogur.is), [www.midgardur.is](http://www.midgardur.is)
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 sími: 411 1500, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21 sími: 411 1600, [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)
- Vesturgarður, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45 – 47 sími: 411 1700, [www.vesturbaer.is](http://www.vesturbaer.is),

#### **Ráðgjöf tekur m.a. til:**

- Atvinnuleysis
- Áfengis- og vímuefnavanda
- Fjárhagsvanda
- Fjölskylduvanda

- Fötlunar
- Húsnæðisvanda
- Málefna barna og ungmenna
- Málefna útlendinga
- Náms- og starfsráðgjafar
- Veikinda
- Öldrunar

#### Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 4 11 11 11

Heimasíða: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-67>

Netfang: [velferd@reykjavik.is](mailto:velferd@reykjavik.is)

### **5.15 Leiðbeiningastöð heimilanna**

Þjónusta leiðbeiningastöðvarinnar er gjaldfrjál og öllum opin. Þar er veitt símaráðgjöf og upplýsingamiðlun um flest það er lítur að heimilishaldi s.s.:

- Matreiðslu, bakstri, veisluundirbúningi eins og magni pr. mann, vinnubrögðum og skipulagi.
- Mataræði, uppskriftir, bæði algengar og sérhæfðar fyrir þá sem glíma við ofnæmi/óþol, sykursýki eða þurfa að neyta minni fitu o.s.frv.
- Meðferð matvæla, geymsluþol og hreinlæti við meðhöndlun hráefnis og fullunnar matvöru.
- Þrifum, þvottum, blettahreinsun og meðferð vefjarefna.
- Útgáfu fræðsluefnis.
- Birtingu greina og leiðbeiningar í fjölmiðlum, í tímaritinu Húsfreyjunni og á Vefnum. Auk þess eru veitt viðtöl að gefnu tilefni.
- Upplýsingar úr evrópskum gæðakönnunum á heimilistækjum.
- Opið: mánudaga og þriðjudaga frá kl. 10-14 og fimmtudaga og föstudaga frá kl. 14-17.

#### Leiðbeiningastöð heimilanna

Hallveigarstöðum, Túntögu 14, 101 Reykjavík

Sími: 552 1135

Netfang: [lh@leidbeiningastod.is](mailto:lh@leidbeiningastod.is)

Veffang: [www.leidbeiningastod.is](http://www.leidbeiningastod.is)

## 6 Þjónusta stéttarféлага

Atvinnuleitendum er bent á mikilvægi þess að halda áfram að greiða í stéttarfélag sitt af greiðslum frá Vinnumálastofnun til að viðhalda réttindum sínum. Aðeins þannig getur fólk haldið áfram að sækja þjónustu, námskeið og styrki til stéttarfélagsins.

### 6.1 VR

Ókeypis námskeið og líkamsrækt á kostakjörum fyrir félagsmenn. VR hefur tekið höndum saman með fjölmörgum aðilum til að bjóða upp á fjölbreytta valkosti í námi, hreyfingu og ráðgjöf fyrir þá félagsmenn sem hafa misst vinnuna eða hafa þurft að minnka starfshlutfall sitt vegna efnahagsástandsins. Fjöldi námskeiða er í boði félagsmönnum að kostnaðarlausu og líkamsrækt á mikið niðurgreiddu verði.

Nú getur þú skipulagt daginn eða vikuna. Með því að skoða þá möguleika sem eru í boði ættir þú auðveldlega að finna eitthvað við þitt hæfi og getur sett saman áætlun fyrir daginn eða vikuna.

Þetta stendur þér til boða:

- Frítt fyrir börn atvinnuleitenda: Sumarbúðir í samvinnu við KFUM og KFUK í júní, júlí og ágúst – fyrstur kemur fyrstur fær. ->ATH hvort þetta er enn í boði !!
- Fyrir alla fjölskylduna – fríar hestaferðir með Íshestum.
- Veiðikortið – gjaldfrítt
- Útilegukortið - gjaldfrítt
- [Nýttu kraftinn - stuðningur og hvatning](#) fyrir atvinnuleitendur - hver dagur sem vinnudagur væri, áhugasviðspróf og mentor o.fl. (skráning og upplýsingar í netfanginu: [mariabjorkoskars@gmail.com](mailto:mariabjorkoskars@gmail.com))
- [Hlutverkasetur - viltu auka virkni þína og orku?](#) Ókeypis námskeið, hreyfing, leiklist og margt fleira (sjá [www.hlutverkasetur.is](http://www.hlutverkasetur.is))
- [Líkamsrækt fyrir 2.000 krónur á mánuði](#) - það gerist varla betra

### VR

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Sími: 510 1700

Heimasíða: <http://www.vr.is/>

Netfang: [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)

### 6.2 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

#### Styrkir og sjóðir

Félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar geta sótt um styrki;

#### **Vegna starfs- og endurmenntunar**

- Starfsmenntasjóð
- Vísindasjóð (fyrir háskólamenntaða félagsmenn)

**Vegna fyrirbyggjandi heilsueflingar og sjúkradagpeninga í [Styrktarsjóð BSRB](#):**

- Dagpeningar í veikindum eftir að veikindarétti hjá vinnuveitenda lýkur.
- Sjúkraþjálfunar / sjúkranuðs / hnykkklækninga
- Krabbameinsleitir

- Áhættuskoðunar hjá Hjartavernd
- Sálfræði-, félags- og fjölskylduráðgjafar
- Dvalar á heilsustofnun
- Líkamsræktar
- Augnaðgerða og gleraugnakaupa
- Tannviðgerða
- Heyrnartækja
- ættleiðingar, glasafrjógungar og tæknisæðingar
- útfarar

Þá bjóða SFR stéttarfélag í almannajónustu og St.Rv. (Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar) í sameiningu félagsmönnum sínum upp á námskeið þeim að kostnaðarlausu í námskeiðaröðinni Gott að vita – þar má m.a. finna; fjármálanámskeið, skapandi skrif, ljósmyndanámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið o.fl.

### Starfsmannafélag Reykjavíkur

Grettisgötu 89, 101 Reykjavík

Sími: 525 8330

Heimasíða: <http://www.strv.is/nams/>

Netfang: [strv@bsrb.is](mailto:strv@bsrb.is)

## **6.3 Efling**

Efling - stéttarfélag hefur fylgst vel með þróun á vinnumarkaðnum undanfarna mánuði og leitast við að aðstoða það fólk sem er nú er tímabundið án atvinnu. Félagið hefur farið yfir alla þjónustu og úrræði sem félagið býr yfir með það að markmiði að réttindi þessara félagsmanna verði tryggð eftir því sem unnt er. Mikið fræðslustarf er á boðstólum hjá Eflingu og samstarfsaðilum og er það sérstakt markmið að hafa nám sem sveigjanlegast og opnast fyrir fólk í atvinnuleit, hvort sem er um starfsmenntun eða annað nám er að ræða. Þá hafa reglur sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og önnur starfsemi félagsins verið skoðuð sérstaklega með það að markmiði að styrkja fólk í atvinnuleit.

Sem dæmi um námskeið og fræðslu á vegum Eflingar má nefna:

- Námskeið í því að skapa jarðveg velgengni á erfiðum tímum.
- Færnimappa, ferilskrá, hagnýt atriði í náms- og starfsleit og einstaklingsviðtal
- Fjármálalæsi – fjármál heimilanna
- Áföll á vinnumarkaði – velferð félagsmanna
- Að efla framkomu sína

### Efling

Sætún 1, 105 Reykjavík

Sími: 510 7500

Heimasíða: <http://efling.is/>, <http://efling.is/atvinnuleysi/>

Netfang: [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)

## 6.4 Kennarasamband Íslands

Félagsmönnum hjá KÍ er boðið upp á símaráðgjöf hjá sálfræðingum vegna faglegs eða persónulegs álags. Vinsamlegast snúið ykkur til skrifstofu KÍ. Einnig er í boði lögfræðiráðgjöf.

Opnunartími skrifstofu 9:00-16:00

### KÍ Kennarahúsinu

Laufásvegi 81, 101 Reykjavík

Sími 595 1111

Netfang: [ki@ki.is](mailto:ki@ki.is)

Heimasíða: <http://ki.is/>

## 6.5 ASÍ og BSRB

Félagsmálaskóli alþýðu skipuleggur námskeið og fræðslu út frá þörfum og aðstæðum aðildarfélaga fyrrgreindra sambanda. Skólastjórnir sinnir ráðgjöf við stéttarfélög varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starfið.

Á hverri önn eru sérhæfð námskeið í boði fyrir alla talsmenn stéttarfélaganna og á þeim er lögð áhersla á hefðbundna félagslega fræðslu. Jafnframt er boðið upp á námskeið sem taka á málafnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Undanfarna mánuði hefur verið boðið uppá sérstök námskeið sem taka mið af núverandi aðstæðum. Þau eru *Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir – Fjármálalæsi - fjármál heimilanna og Sálrænn stuðningur*. Félögin hafa boðið sínum félagsmönnum uppá þessi námskeið og hafa þau verið vel sótt.

### Félagsmálaskóli alþýðu

Sætún 1, 105 Reykjavík

Sími: 535 5600 / 535 5636

Heimasíða: <http://felagsmalaskoli.is>

Netfang: [fraedsla@asi.is](mailto:fraedsla@asi.is)

## 6.6 Bandalag háskólamanna (BHM)

BHM þjónustar 24 aðildarfélög bandalagsins á ýmsan hátt. Þjónusta við einstaklinga fer að langmestu leyti fram hjá aðildarfélögum, þetta á til dæmis við allar fyrirspurnir og þjónustu tengda kjörum, kjarasamningum og rétti. Skrifstofa BHM veitir einstaklingum aðeins þjónustu tengda sjóðum, námskeiðahaldi og upplýsingagjöf m.a. á þessum vef. Lögfræðiaðstoð fer að öllu leyti gegnum aðildarfélögin og því geta einstaklingar ekki haft samband beint við lögmann BHM.

### Bandalag háskólamanna

Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Sími: 581 2090

Heimasíða: [www.bhm.is](http://www.bhm.is)

Netfang: [bhm@bhm.is](mailto:bhm@bhm.is)

## 6.7 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Megináhersla samtakanna hefur frá upphafi verið á kjör og starfsumhverfi félagsmanna og hefur SSF verið í framvarðarsveit íslenskra stéttarféлага við að ná fram ýmsum réttindum fyrir félagsmenn sína.

Á heimasíðu félagsins (<http://ssf.is/breyttar-adstaedur/>) má finna ýmsar ábendingar, tilboð og valkosti fyrir félagsmenn sem misst hafa starf sitt vegna þess niðurskurðar sem átt hefur sér stað í starfsemi fjármálafyrirtækja. Félagsmönnum standa einnig margskonar styrkir til boða úr [sjóðum SSF](#).

### Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Nethyl 2E, 110 Reykjavík

Sími: 540 6100

Heimasíða: [www.ssf.is](http://www.ssf.is); <http://ssf.is/breyttar-adstaedur/>

Netfang: [ssf@ssf.is](mailto:ssf@ssf.is)

## 6.8 Starfsgreinasamband Íslands

Starfsgreinasamband Íslands hefur beitt sér sérstaklega á sviði starfsmenntamála frá því að sambandið var stofnað, enda er aukin menntun félagsmanna mikilvægur þáttur í að tryggja launafólki betri stöðu á vinnumarkaði og hærri laun.

### Hvers vegna starfsmenntun?

- Starfsmenntun eykur möguleika einstaklinga með því að efla kunnáttu og þekkingu.
- Starfsmenntun gefur tækifæri til að endurnýja kunnáttu eða bæta við hana.
- Starfsmenntun stuðlar að hagnýtum árangri.
- Starfsmenntun styrkir sérkunnáttu og færni sem áunnist hefur í starfi.

### Tengingar við fræðslusjóði verkafólks og nokkra fræðsluaðila

[LandsMennt](#) er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Meginhlutverk LandsMenntar er að stuðla að stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun fyrir verkafólk á landsbyggðinni. Fyrirtæki geta í samstarfi við stéttarfélög sótt um styrki til LandsMenntar til þess að þróa og setja af stað námskeið fyrir sitt fólk. Aðalmarkmið sjóðsins er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

[Starfsafl](#) er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og flóabandalagsins. Í tengslum við kjarasamninga vorið 2000 sömdu Samtök atvinnulífsins og Flóabandalagið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað yrði að byggja upp menntun ófaglærðra, starfsfólki og fyrirtækjum til hagsbóta. Símenntun starfsmanna er lykill fyrirtækja að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og styrkir samkeppnisstöðu þeirra.

[Menningar- og fræðslusamband alþýðu](#) er fræðslustofnun verkalýðshreyfingar-innar sem býður upp á margvíslegt nám fyrir launafólk sem og þjónustu fyrir stéttarfélög á sviði fræðslumála.

<http://www.namstorg.is/>

[Námstorg](#) er námsgátt sem býður fólki upp á margvísleg námskeið í fjarnámi.

<http://www.mennt.is/>

[Mennt.is](http://www.mennt.is/) er upplýsingaveita um nám þar sem hægt er að nálgast margvíslegar upplýsingar um nám, námskeið og fræðslustofnanir.

[Iðan](#) er upplýsingavefur um iðnað á Íslandi. Á vefnum er að finna margskonar upplýsingar um störf, iðngreinar og nám. Vefurinn er rekin af Samtökum iðnaðarins.

#### Starfsgreinasamband Íslands

Sætúni 1, 105 Reykjavík

Sími: 562 6410

Heimasíða: [www.sgs.is](http://www.sgs.is)

Netfang: [sgs@sgs.is](mailto:sgs@sgs.is)

## 7 Trúfélög

### 7.1 Þjóðkirkjan

Í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu er boðið til kyrrðarstunda og helgihalds virka daga. Foreldramorgnar í kirkjum eiga sér áralanga sögu en þar sækir fólk skemmtilegt samfélag og fræðslu. Í kyrrðar- og bænastundum þessar vikunnar hefur sérstaklega verið beðið fyrir því ástandi sem ríkir nú í þjóðfélaginu og fyrir þeim sem eiga í miklum erfiðleikum vegna þess. Bænastundirnar eru kærkomið tækifæri til þess að fela Drottni það allt sem á hugann leitar í trausti þess að hann muni vel fyrir sjá.

Nánari upplýsingar um dagskrá í hverri kirkju fyrir sig má finna á vefsíðunni:

<http://kirkjan.is/node/7035>

#### Biskupsstofa

Laugavegi 31, 150 Reykjavík

Sími: 528 4000

Heimasíða: <http://kirkjan.is/node/7035>

Netfang: [kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is)

## 8 Ýmsar nauðsynjar

### 8.1 Fataúthlutun Rauða krossins

Fataúthlutun í Reykjavík fer fram að Laugavegi 116 á miðvikudögum kl 10 – 14. Gengið er inn af bílastæði Grettisgötumegin.

#### Úthlutunarreglur

Skilríki: Allir þurfa að framvísa skilríkjum til að gera grein fyrir sér.

Skráning: Skráð verður nafn og kennitala. Einnig hversu mörg börn viðkomandi er með á sínu framfæri.

Fatnaður: Hver einstaklingur getur fengið allt að tvo poka af fatnaði hverju sinni. Fatasöfnunin lætur í té pokana.

Hve oft? Sérhver getur fengið úthlutað fjórum sinnum á ári. Að minnsta kosti tveir mánuðir þurfa að líða á milli úthlutana.

Komi upp sérstök tilvik sem krefjast úrlausnar umfram áðurtalda aðstoð skal leita til Rauða kross deildar í viðkomandi sveitarfélagi.

Suðurnesjadeild, Akureyrardeild og Skagafjarðardeild úthluta einnig fatnaði. Þá útvega aðrar deildir fatnað ef til þeirra er leitað.

#### Fatasöfnun Rauða krossins

Skútuvogi 1, 104 Reykjavík

Sími: 587 0900

Netfang: [fataflokkun@redcross.is](mailto:fataflokkun@redcross.is)

EÐA á landsskrifstofu Rauða krossins í síma 570 4000.

#### **Fatabúðir Rauða krossins**

Rauði krossinn rekur fjórar búðir sem selja notaðan fatnað.

Opnunartími er sem hér segir:

**Rauða kross búðin Laugavegi 12, Reykjavík.** Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 10- 18, laugardaga frá kl. 12-16 (langa laugardaga 12-18).

**Rauða kross búðin Laugavegi 116, Reykjavík:** Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 10- 18, laugardaga frá kl. 12-16 (langa laugardaga 12-18).

**Rauða kross búðin Strandgötu 24, Hafnarfirði:** Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 12- 18 (lokað laugardaga).

**Rauða kross búðin Fjarðarbraut 48, Stöðvarfirði.** Opið mánudaga frá kl. 19:30-22, laugardaga frá kl. 14-16.

#### Fatasöfnun Rauða krossins

Skútuvogi 1, 104 Reykjavík

Sími: 587 0900

Netfang: [fataflokkun@redcross.is](mailto:fataflokkun@redcross.is)

## **8.2 Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**

Kvenréttindafélag Íslands, Húsmæðrafélag Reykjavíkur, Félag háskólakvenna og kvenstúdentafélagið, Hvítabandið, Hvöt félag sjálfstæðiskvenna, Kvenfélag framsóknarkvenna, Kvenfélag Alþýðuflokksins og Thorvaldsensfélagið standa að Mæðrastyrksnefnd.

Afgreiðsla á mat, fatnaði o.fl. fer fram á miðvikudögum kl. 14-17. Aðra virka daga er skrifstofan opin kl. 10-15.

### Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur

Hátúni 12, 105 Reykjavík

Sími: 551 4349

Netfang: [maedur@simnet.is](mailto:maedur@simnet.is)

## **8.3 Hjálparstarf Kirkjunnar**

Hjálparstofnun kirkjunnar tekur á móti fólki sem sækir um félagslega eða fjárhagslega aðstoð. Þar er hægt að fá ráðgjöf og í boði er mataraðstoð, aðstoð við að leysa út lyf, fatnaður og fleira. Í fyrsta sinn sem sótt er um aðstoð þarf að hafa samband við prest sem kemur umsókninni til Hjálparstarfsins en hefur um leið möguleika á að veita viðkomandi sálgæslu. Eftir það getur fólk komið tvisvar til viðbótar yfir árið auk þess að sækja beint um jólaaðstoð. Þurfi manneskja að koma oft er farið í gegnum fjárhag og allar aðstæður fólks og leitað langtíma lausna. Er þá gjarnan unnið með öðrum stofnunum og félagasamtökum að varanlegri lausn.

### Skrifstofa Hjálparstarfs kirkjunnar

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík

Sími: 528 4400

Heimasíða: [www.help.is](http://www.help.is)

## **8.4 Félag einstæðra foreldra**

Félag einstæðra foreldra veitir m.a. bráðabirgðahúsnæði fyrir einstæða foreldra (á Skeljanesi), ýmsa námsstyrki, ókeypis lögfræðiaðstoð, félagsráðgjöf o.fl.

Skrifstofan er opin kl. 10-16 virka daga.

### Félag einstæðra foreldra

Vesturgötu 5, 1.hæð, 101 Reykjavík

Sími: 551 1822

Heimasíða: [www.fef.is](http://www.fef.is)

Netfang: [fef@fef.is](mailto:fef@fef.is)

## **8.5 Konukot**

Næturathvarf fyrir heimilislausar konur rekið af Rauða krossinum. Opið alla daga ársins. Þvotta- og hreinlætisaðstaða fyrir næturgesti og boðið er upp á léttan kvöld- og morgunverð. Fataflokkunarstöð Rauða krossins útvegar föt, ef á þarf að halda. Öll neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í húsinu.

Opnunartími: frá 17 til 12:00.

### Konukot

Eskihlíð 4, 105 Reykjavík

Sími: 511 5150

Heimasíða: [www.redcross.is/reykjavik](http://www.redcross.is/reykjavik)

## **8.6 Gistiskýlið Þingholtsstræti**

Fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem eru heimilislausir. Veitt er húsaskjól og morgunmatur. Gestir verða að vera komnir í húsið kl. 24.

Á veturna er opið allan sólahringinn en á sumrin er lokað milli kl. 10:00- 17:00.

### Gistiskýlið Þingholtsstræti

Þingholtsstræti 25, 101 Reykjavík

Sími: 561 0477

## **8.7 Hjálpræðisherinn**

Hægt að nýta sér ódýra gistingu á Gistiheimili Hjálpræðishersins

### Hjálpræðisherinn

Kirkjustræti 2, 101 Reykjavík

Sími: 552 0788

Heimasíða: [www.herinn.is](http://www.herinn.is)

## **8.8 Kaffistofa Samhjálp**

Kaffistofa Samhjálp er fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa.

Afgreiðslutími er milli kl.10-17 alla virka daga og um helgar milli kl. 11-16. Á jólum, áramótum og páskum hefur verið boðið upp á ókeypis máltíðir.

### Kaffistofa Samhjálp

Borgartúni 1, 105 Reykjavík

Sími: 561 1000

Heimasíða: [www.samhjalp.is](http://www.samhjalp.is)

## **8.9 Greiðsluskipting milli sjúkratrygginga og einstaklinga vegna lyfjakaupa**

Lyf skiptast í grófum dráttum í fjóra flokka eftir greiðsluskiptingu milli sjúkratrygginga og einstaklinga. Greiðsla sjúkratrygginga reiknast út frá viðmiðunarverði lyfsins, sem er lægsta verð sambærilegs lyfs á markaði. Ef verð ávísað lyfs er hærra en viðmiðunarverð lyfsins, greiðir sjúklingur mismuninn.

### „\*“ merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að fullu.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfi sem er í einhverjum neðan-talinna lyfjaflokka, greiða sjúkratryggingar það að fullu fyrir sjúkratryggða einstaklinga. Slík lyf eru merkt með stjörnu „\*“ í lyfjaverðskrá.

<u>Lyfjaflokkur</u>	<u>ATC-flokkur</u>
Sykursýkislyf	A 10
Cýpróterón	G 03 H A 01
Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	L
Andkólnivirk lyf	N 04 A
Geðrofslyf	N 05 A
Gláku- og ljósopsprengrandi lyf	S 01 E

### „B“ - merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að hluta.

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfi sem er í einhverjum neðantalinnu lyfjaflokka skulu sjúkratryggingar greiða það að hluta. Slík lyf eru merkt með „B“ í lyfjaverðskrá.

<u>Lyfjaflokkur</u>	<u>ATC-flokkur</u>
Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
Vítamín D og hliðstæður	A 11 CC
Hjartasjúkdómalyf	C 01
Beta-blokkar	C 07
Kalsíumgangalokar	C 08
Lyf með verkun á renínangíótensín kerfið	C 09
Psoriasislyf	D 05
Barksterar (kortíkósteróíðar) húðlyf	D 07
Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
Þunglyndislyf (antidepressiva)	N 06 A
Hydroxýklórókín	P 01 BA 02
Lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	R 03

Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir einstaklingur fyrstu 1.900 kr. af verði lyfsins og 65% af verðinu umfram það, þó aldrei meira en **3.700 kr.** Sjúkratryggingar greiða það sem á vantar. Elli- og örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og einstaklingar með fullar atvinnuleysisbætur greiða fyrstu 700 kr. fyrir hverja lyfjaávisun og 50% af verði lyfsins umfram það, þó ekki meira en **1.200 kr.**

### „E“ – merkt lyf: Lyf sem sjúkratryggingar greiða að hluta

Hafi lyfjagreiðslunefnd samþykkt greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfi sem hvorki er „\*“ merkt né „B“ – merkt, skulu sjúkratryggingar greiða það að hluta. Slík lyf eru merkt með „E“ í lyfjaverðskrá. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir einstaklingur fyrstu 1.900 kr. af verði lyfsins og

80% af verðinu umfram það, þó aldrei meira en **5.450 kr.** Sjúkratryggingar greiða það sem á vantar. Elli- og örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og einstaklingar með fullar atvinnuleysisbætur greiða fyrstu 700 kr. fyrir hverja lyfjaávísun og 50% af verði lyfsins umfram það, þó ekki meira en **1.500 kr.**

### **„0“ – merkt lyf: Lyf sem einstaklingur greiðir að fullu.**

Hafi lyfjagreiðslunefnd ákveðið að lyf skuli ekki greitt af sjúkratryggingum skulu lyfin auðkennd með „0“ í lyfjaverðsrá. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) er heimilt að ákvarða greiðslupátttöku í „0“-merktum lyfjum með útgáfu lyfjaskírteina. SÍ setur ákveðin skilyrði og gefur út vinnureglur fyrir útgáfu lyfjaskírteina sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu lyfja sem fánleg eru í lausasölu nema í eftirfarandi tilvikum:

1. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu eftirfarandi lausasölulyfja ef þeim er ávísað með lyfseðli:

Kalíumklóríð (Kaleorid) skv. E-merkingu

Estríól (Ovestin) skv. E-merkingu

Gervitár skv. E-merkingu

Glycerýlnítrat (Nitromex) skv. B-merkingu

2. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu þeirra lausasölulyfja sem eru með skráð greiðslupátttökuverð í lyfjaverðskrá og gefin hafa verið út lyfjaskírteini fyrir.

### **Lyfjaskírteini – aukin greiðslupátttaka sjúkratryggingar**

SÍ er heimilt í ákveðnum tilvikum, samkvæmt umsókn, að ákvarða aukna greiðslupátttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum og gefa út lyfjaskírteini því til staðfestingar í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér. Nánari upplýsingar um hvaða lyf/lyfjaflokka gefin eru út lyfjaskírteinin fyrir, er á heimasíðu SÍ.

#### Sjúkratryggingar Íslands

Laugavegi 114-116, 150 Reykjavík

Sími: 515 0000

Heimasíða: <http://www.tr.is/sjtr>

Netfang: [tr@tr.is](mailto:tr@tr.is)

### **8.10 Matarkarfan.is**

Á heimasíðunni [matarkarfan.is](http://www.matarkarfan.is) eru flest öll gildandi tilboð á matvörumarkaðnum samankomin á einum stað. Heimasíðan eykur talsvert gagnsæi á matvörumarkaðnum og er til mikilla hagsbóta fyrir neytendur. Matarkarfan.is er hlutlaus Heimasíða sem auðveldar neytendum að gera hagstæð kaup, með því að gera tilboðin einstaklega aðgengileg á einum stað.

<http://www.matarkarfan.is/>

## 8.11 Kúpon.is

Kúpon.is er fyrsti og eini vefurinn sinnar tegundar hér á landi. Hugmyndin tengist kúpon afsláttarmiðunum sem eru alþekkt fyrirbæri bæði Bandaríkjunum og víða í Evrópu. Tilgangurinn er að tryggja notendum aukinn afslátt af daglegum neysluvörum. Aðgangur er ókeypis. Á kúpon.is verða að auki fleiri þjónustusíður sem allar styðja hvor við aðra. Til að mynda smáauglýsingasíða, þjónustu og útboðsvefur og einnig tryggingavefur, svo fátt eitt sé nefnt .

Kúpon er gefandi vefur, gefur hluta af hagnaði til góðra mála.

Kúpon.is

Heimasíða: [www.kupon.is](http://www.kupon.is)

Tölvupóstur: [kupon@kupon.is](mailto:kupon@kupon.is)

Sími: 568 5400